



Skipulags- og samgönguráð

20.apríl 2020  
Mál nr. US200076

**Efni: Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, vegna Aðalskipulags 2010 – 2030**

Vísað er til fyrirspurnar sem lögð var fram á fundi skipulags- og samgönguráðs 1. apríl sl.:

„1. Hvað hefur vinna við nýjan viðauka við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 - 2030, endurmat á stefnu um íbúðarbyggð/blandaða byggð og forgangsröðun og þéttleiki uppbyggingar á grundvelli markmiða um breyttar ferðavenjur, uppbyggingu Borgarlínu og stefnu í loftslagsmálum kostað til 1. mars 2020? 2. Hvað er áætlað að endanlegur kostnaður verði? 3. Hvað er aðkeypt vinna stór hluti af vinnunni? 4. Hvað hafa margir komið að vinnunni? 5. Hvað hafa margir fundir verið haldnir? 6. Hvenær er áætlað að vinnu við viðaukann verði lokið?“.

Umrædd breytingartillaga er unnin af starfsmönnum Umhverfis- og skipulagslaga, einkum deildarstjóra aðalskipulags, með tilstyrk verkefnisstjóra á Landupplýsingadeild og einstakra starfsmanna hjá USK. Vinna við tillögugerðina er unnin meðfram öðrum verkefnum fastráðinna starfsmanna á reglubundnum vinnutíma. Ekki hafa verið ráðnir nýir starfsmenn vegna þessa verkefnis. Það fellur því ekki til auka launakostnaður hjá USK vegna þessarar vinnu.

Samkvæmt vengju er umhverfismat aðalskipulagsbreytinga unnið af aðkeyptum ráðgjöfum, VSÓ-ráðgjöf, sem unnu umhverfiskýrsluna með gildandi aðalskipulagi. Kostnaður vegna þeirrar vinnu til 1. apríl, þ.e. gerð matslýsingar og frumdraga að umhverfismati er kr. 5.163.300 (1.984.600 árið 2019 og 3.178.700 árið 2020). Einnig hefur fallið til kostnaður vegna umbrots og uppsetningar verk- og matslýsingar og grafískrar framsetningar, sem unnin hefur verið af Vinnustofu Atla Hilmarssonar, sami aðili og kom að grafískri framsetningu gildandi aðalskipulags. Kostnaður vegna þess þáttar þann 1. apríl er um kr. 1.894.200 (1.647.800 árið 2019 og 246.400 árið 2020). Auk þessa kemur til kostnaður vegna auglýsinga í fjölmiðlum, vegna lögbundinna kynninga og sérstakra auglýsinga vegna opinna funda. Í hefðbundinni aðalskipulagsbreytingu er venjulega um 4 slíkar auglýsingar að ræða á vinnslutímanum og kostnaður vegna hverrar um kr. 80.000. Þar sem opinber kynning tillögu er ekki hafin er aðeins búið að kosta eina slíka auglýsingu vegna verk- og matslýsingar. Ætla má að auglýsingakostnaður vegna þessarar breytingar verði meiri en vegna minniháttar breytingar og reiknað með 5-6 auglýsingum til birtingar í fjölmiðlum í vinnsluferlinu.

Erfitt er að áætla endanlegan kostnað vegna aðalskipulagsbreytingar sem þessarar. Það veltur mikið á hvernig vinnuferli fram vindur, óska um viðbótarathuganir og gögn, lengd samráðsferlis og hvert verður umfang endanlegra tillagna. Settur er rammi utan um heildarkostnað vegna aðkeyptrar vinnu, þ.e. umhverfismats og framsetningar skipulagsgagna, en ljóst er að slík áætlun er líka háð endurskoðun. Heildarupphæð vegna aðkeyptrar vinnu vegna aðalskipulags á ári hverju hefur verið um 10 milljónir eða minna síðustu ár og er gert ráð fyrir að kostnaður vegna þessarar breytingar og annarra tilfallandi á árinu verði sem fyrir innan þessa ramma.

Þó um umfangsmikla breytingu sé að ræða á aðalskipulaginu, þá var ákveðið að nálgast verkefnið með svipuðum hætti og aðrar breytingar. Tillögugerðin felur í raun ekki í sér grundvallarbreytingar á stefnu gildandi aðalskipulags. Umfjöllun og mótun tillögunnar er því fyrst og fremst í höndum skipulags- og samgönguráðs, líkt og um aðrar breytingar og ekki sérstakur vinnuhópur eða stýrihópur starfandi. Það var hinsvegar boðað að frumdrög að tillögunni kæmu til umræðu í ráðinu eins oft og kostur væri, áður en formleg drög yrðu gerð opinber. Verkefnið hefur verið til umfjöllunar í skipulags- og samgönguráði á eftirfarandi fundadagsetningum: 29. maí 2019, 5. júní 2019, (20. júní 2019 í Borgarráði), 13. nóvember 2019, 11. mars 2020. Hraði vinnu hefur að nokkru ráðist af gangi í öðrum tengdum verkefnum, s.s. Borgarlínu og deiliskipulagsgerð í Ártúnshöfða, Skerjafirði og fleiri svæðum. Ráðgert er að drög að breytingartillögum liggja fyrir í maí/júní og verði þá rædd á 1-2 fundum í ráðinu, áður en þau verða gerð opinber og send til umsagnir. Samkvæmt því verða tillögunnar tæplega samþykktar í auglýsingu fyrr en eftir sumarleyfi og endalega staðfesting vart fyrr en í vetrarbyrjun.

Haraldur Sigurðsson